



VESTFIRÐIR

ÍBÚAKÖNNUN OKTÓBER 2013

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Skipting svæða.....	6
.....	6
Lýsing á rannsókn	6
Þátttakendur í könnuninni	6
Aðferð og gögn	7
Búseta.....	9
Í hvaða sveitarfélagi býrðu?	9
Kynjahlutfall svarenda	10
Kynjahlutfall eftir búsetu	10
Hvert er fæðingarland þitt?.....	11
Hvert er fæðingarland þitt/kynjaskipting ?	11
Hvenær ertu fædd/ur, kynjaskipting?	12
Hvenær ertu fædd/ur búseta?	12
Hver er hjúskaparstaða þín?.....	13
Brottlutningur.....	14
Finnst þér líklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vestfjörðum á næstu tveimur árum?	15
Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum til annars sveitarfélags á Vestfjörðum á næstu tveimur árum?	16
Menntamál	17
Fjöldi barna/menntunarstig byggðarlag.....	18
Menntunarstig barna heildarfjöldi á Vestfjörðum	18
Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum.....	19
Námsmöguleikar sveitafélög	19
Námsmöguleikar á Háskólastigi, Vestfirðir (kyn)	20
Gæði leikskóla	21
Gæði grunnskóla.....	22
Gæði framhaldsskóla.....	23
Hvaða námi hefur þú lokið?	24
Hefur þú öðlast meistararéttindi?	25
Hvar myndir þú flokka menntun þína miðað við almenna skólakerfið á Íslandi?	26
Hefur þú sótt eða varið tíma í sí-endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms, o.s.frv. á síðastliðnum tveimur árum?	27

Atvinnumál	28
Hver er staða þín á vinnumarkaði?	29
Á hvaða bili er starfsmannafjöldi þar sem þú starfar?	30
Atvinnuöryggi	31
Möguleikar á eigin rekstri?	32
Lífsgæði.....	33
Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa á Vestfjörðum?	34
Gott mannlíf	35
Tækifæri til afþreyingar	36
Tækifæri til íþróttar	37
Tækifæri til íþróttar/tómstundaiðkunar.....	38
Nálægð við fjölbreytta náttúru.....	39
Friðsælda	40
Almennt öryggi	41
Menningarlíf.....	42
Skipulagsmál.....	43
Húsnæðismál	44
Framboð á húsnæði til kaups	44
Framboð á húsnæði til leigu.....	45
Samgöngumál.....	46
Vegakerfi.....	47
Almenningssamgöngur.....	48
Greið bílaumferð	49
Umferðaröryggi	50
Þjónusta.....	51
Þjónusta við aldraða	52
Þjónusta við fatlaða.....	53
Þjónusta við atvinnulausa.....	54
Þjónusta við fólk af erlendum uppruna.....	55
Þjónusta við barnafólk.....	56
Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana.....	57
Gæði unglिंगastarfs.....	58
Vöruverð.....	59
Vöruúrval/þjónustuúrval.....	60

Hefur þú nýtt þér þjónustu Atvinnuþróunarfélags Vestjarða í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar síðastliðin tvö ár?	61
Fjarskipti	62
Farsímasamband	62
Nettenging.....	63
Fjárhagur	64
Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði?	64
Hefur þú leitað þér fjárhagslegrar aðstoðar síðastliðin tvö ár?	65
Ef nei hefur þú hugsað þér að leita fjárhagslegrar aðstoðar síðastliðin tvö ár?	65
Ertu í vanskilum?	66
Launatekjur.....	67
Framfærslukostnaður.....	68
Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda	69
Lokaorð.....	70

Samantekt

Á síðustu tíu árum hefur á Vestfjörðum farið fram nokkuð samfelld vinna er hefur tekið til móttunar framtíðarstefnu fjórðungsins, greining tækifæra, styrkleika, veikleika og ógnanna og eftirfylgni með verkefnum. Tilgreina má þrjú afmörkuð verkefni á þessu tímabili; Byggðaáætlun Vestfjarða og Vaxtarsamning Vestfjarða (2003-2005), Vestfjarðanefnd (2007-2008) og nú síðast Ísland 2020 er síðar varð Sóknaráætlun 2020 (2010-2012). Í framhaldi af Sóknaráætlun 2020 var unnið að Sóknaráætlun landshluta þar sem m.a. Sóknaráætlun Vestfjarða er hluti af. Hér hefur því byggst upp veruleg þekking og reynsla í málefnum Vestfjarða með viðtækri aðkomu íbúa, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Á grunni þess var Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða falið, af Fjórðungssambandi Vestfirðinga það verkefni að framkvæma fjórar nýjar greiningar á Vestfjörðum. Svæðisbundin gögn um atvinnulíf og búsetuskilyrði á Vestfjörðum eru af afar skörum skammti. Þetta þarf að laga með markvissum greiningum og rannsóknum, sem þarf að birta miðlægt fyrir þá sem starfa á því sviði að auka velferð Vestfirðinga og ekki síður fyrir áhugamenn um styrkingu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Markmið þeirra er m.a. að varpa ljósi á vestfirska hagkerfið og lífsgæðin á Vestfjörðum og einnig að leiða til nákvæmari og upplýstari umræðu. Til að hægt sé að vinna markvisst í almannatengslum fjórðungsins þurfa að vera til gögn og greiningar sem styðja málflutning Vestfirðinga um þann byggðavanda sem er viðvarandi á svæðinu. Hér þarf að leggja áherslu á mikilvægi vestfirska hagkerfisins fyrir þjóðarbúið ásamt því að sýna fram á þau lífsgæði sem Vestfirðingar hafa. Einnig hvaða kosti fjórðungurinn hefur upp á að bjóða fyrir þá sem vilja starfa eða skapa sér tækifæri á Vestfjörðum í framtíðinni. Íbúakönnun þessi er því einn hluti af þeirri viðvarandi vinnu sem snýr að Sóknaráætlun Vestfjarða.

Taka skal fram að íbúakönnun þessi var öll á íslensku, ekki voru lögð fram gögn á erlendu tungumáli þrátt fyrir þessa framsetningu var þátttaka erlendra ríkisborgara um 4%. Samkvæmt mannfjöldapróun á Vestfjörðum sl. 15 ár byggt á hagtölum Hagstofu Íslands frá 2013 eru erlendir ríkisborgarar um 9% af íbúafjölda á Vestfjörðum. Æskilegt hefði verið að mati skýrsluhöfunda að þátttaka þessa hóps hefði verið meiri, lágt hlutfall þátttöku í könnuninni gefur því takmarkaðar niðurstöður á viðhorfum þeirra. Því telja skýrsluhöfundar að framkvæmd verði sérstök sambærileg könnun í framhaldi af þessari hjá erlendum ríkisborgurum á Vestfjörðum.

Eins og kemur fram hér að ofan er þessi könnun ein af fjórum greiningum á hagkerfi og lífsgæðum á Vestfjörðum; í þessari greiningu voru eftirfarandi þættir sem höfundar vilja vekja athygli á.

- Samkvæmt stöðugreiningu Byggðastofnunar vegna Sóknaráætlunar Vestfjarða frá desember 2012 hefur Vestfirðingum í öllum aldurhópum undir fimmtugu fækkað frá 1998 og aldurshóparnir yfir fimmtugu hafa stækkað. Þetta virðist vera sambærileg tilhneiging og gætir í öðrum landshlutum, nema á áhrifasvæði höfuðborgarinnar, að hinn virki aldurshópur í atvinnulífi og barneignum fer minnkandi, og það hefur verið túlkað sem merki um stöðnun. Í þessari könnun var fjölmennasta aldursbilið frá 35

ára til 74 ára og voru karlmenn í meirihluta eða um 90% og var helmingur þeirra 54 ára og eldri. Þá má draga fram þá ályktun af könnuninni að lífaldur á vinnumarkaði sé að meðaltali hár og hlutur 34 ára yngri sé lágur.

- Samkvæmt könnunni hafa 22% kvenna lokið grunnháskólaprófi en 10% karla. Þrátt fyrir það eru heildarlaun kvenna um 63% lægri en karla. Ekki var spurt hvaða háskólapróf þetta eru, ein skýring sem getur útskýrt þennan mun er að meirihluti kvenna sé með háskólapróf í grunnskólakennslu þar sem laun eru almennt lægri en hjá einkareknum fyrirtækjum. Draga má þá ályktun að karlar séu í meirihluta í stjórnunarstöðum sem krefjast háskólamenntunar hjá einkareknum fyrirtækjum þar sem laun eru hærri. Þessar niðurstöður geta því verið fráhrindandi fyrir langskólagengnar konur þegar kemur að vali til búsetu. Er það mat skýrsluhöfunda að kanna þurfi nánar menntunarstöðu innan fjórðungsins svo hægt sé að fá skýrari mynd af skiptingu stöðugilda milli atvinnugreina og milli opinberra aðila og einkaaðila.
- Meðal þeirra jákvæðu þátta sem vöktu athygli skýrsluhöfunda er jákvæð afstaða íbúa til umhverfi Vestfjarða þá sérstaklega fjölbreyttrar náttúru og friðsældar. Auk þess var mikill meirihluti ánægður með menningarlíf, íþróttar- og tómstundastarf einnig framboð á afþreyingu. Mikill meirihluti þátttakenda sem hefur ekki hug á að flytjast búferlum innan næstu tveggja ára hvort sem um var að ræða afstöðu kynja og eða milli svæða innan fjórðungsins. Má draga þá ályktun af niðurstöðum könnunarinnar að almennt sé vel hugað að kjarna- og grasrótarstarfi samfélaga á Vestfjörðum.
- Þeir neikvæðu þættir sem vöktu athygli skýrsluhöfunda er afstaða íbúa Vestfjarða til samgöngumála þá sérstaklega vegakerfis og almenningsgangna. Einnig er óánægja með vöruverð, vöruúrval auk framfærslukostnaðar. Mikil óánægja er með framboð á leiguhúsnæði. Sú ályktun sem draga má af þessum niðurstöðum könnunarinnar er að samgöngur eru enn sá þáttur er hamlar tengingu byggða á heilsársgrundvelli auk þess er aðgengi að þjónustu milli svæða skert t.a.m. yfir vetrarmánuði.

Skipting svæða



Mynd af Vestfirðum (Landmælingar 2014).

Á korti hér að ofan sést hvernig skiptingu svæða var háttað í könnunni. Vestfirðum var skipt í þrjú meginsvæði; norðanverðir Vestfirðir, sunnanverðir Vestfirðir og Reykhólar og Strandir sem voru sameinuð í þessari könnun.

Lýsing á rannsókn

- Unnið fyrir: Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Markmið: Að kanna viðhorf íbúa á Vestfirðum til helstu þátta er lúta að daglegu lífi þeirra
- Aðferð: Netkönnun
- Úrtak: Sent á 486 manns á öllum Vestfirðum, 18 ára og eldri, valdir úr gagnagrunni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Þátttakendur í könnuninni

Úrtakið var 486 netföng í öllum sveitarfélögum og byggðarkjörnum innan Vestfjarða. Netföngum var safnað í gegnum vefleik sem keyrður var vorið 2014, þar sem Vestfirðingum var gefin kostur á að skrá netfangið sitt í gagnagrunnin og voru dregin út verðlaun að leik loknum. Til viðbótar leiknum var hringt handahófskennt í einstaklinga í byggðarkjörnum sem ekki náðu tilskyldum fjölda netfanga.

- **Fjöldi svarenda var 332 eða 68% sem telst afar gott hlutfall.**
- **Samkvæmt tölum könnunarinnar voru langflestir svarendur búsettir á norðanverðum Vestfirðum eða um 77%, æskilegt hefði verið að hlutfall á sunnanverðum Vestfirðum, Ströndum og Reykhólum hefði verið herra**

- **Heimildir Hagstofu Íslands um meðalmannfjölda á Vestfjörðum eftir , kyni og aldri 1998-2013 - sveitarfélagaskipan 1. janúar 2014 eru eftirfarandi; 69% búsettir á N-Vestfjörðum, um tæplega 18% S-Vestfjörðum og 13,5% á Ströndum/Reykholahreppi. Því er svörun N-Vestfjarða og Stranda og Reykhólahrepps í hlutfalli við íbúafjölda svæðis.**

Aðferð og gögn

Spurningalisti var unnin í samráði við Fjórðungssamband Vestfirðinga og samanstóð hann af 51 spurningum sem skipt var í eftirfarandi flokka:

- **Búseta**
Sem m.a. var skipt niður í aldur, kyn, hjúskaparstöðu, almennt séð eru íbúar á Vestfjörðum ánægðir með búsetuskilyrði í sinni heimabyggð.
- **Brottlutningur**
Þessi hluti var unnin miðað við sömu þætti og búseta.
- **Menntun**
Þar var skiptingin hvaða hlutar náms væru í boði, menntunarstöðu, fjölda miðað við menntunarstöðu og einnig var spurt um gæði náms.
- **Atvinnumál**
Spurt var um starfsmannafjölda á vinnustöðum auk hlutfalls stöðu, atvinnuöryggi og möguleika til eigin reksturs.
- **Lífsgæði**
Þetta er umfangsmesti þáttur könnunarinnar. Þar voru þættir sem snúa almennum lífsgæðum m.a. vöru-framboð og úrval, íþróttir, afþreying og menning.
- **Skipulagsmál**
Almenn viðhorf til skipulagsmála
- **Húsnæðismál**
Framboð húsnæðis til kaups og leigu
- **Samgöngumál**
Hér var spurt um vegakerfið og almenningssamgöngur
- **Þjónusta**
Hér var m.a. spurt um velferðarmál, heilbrigðisþjónustu, unglingsstarf, vöruverð og þjónustu.
- **Fjarskipti**
Þar var kannað viðhorf til farsímasambands og nettenginga.
- **Fjárhagur**
Hér var m.a. spurt um launatekjur, vanskil, framfærslukostnað og viðhorf til nýtingu á fjárhagslegri aðstoð.

Voru þessar spurningar þessara flokka greindar eftir ánægju, þ.e. hvort svarendur væru óánægðir með eftirfarandi flokka eða hvorki né og eða ánægðir.

Patreksfjörður og Ísafjörður, tímabilið júní 2013 - febrúar 2014

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,
Ingibjörg Snorradóttir Hagalín
Jón Páll Hreinsson
Valgeir Ægir Ingólfsson


Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið tölvupóst á valgeir@atvest.is til að koma þeim á framfæri.

Búseta


Helstu niðurstöður:

- Hlutfall kvenna var 20% hærra en karla og átti það við alla hluta þýðis. En munurinn var ekki eins mikill þegar skiptingin var á milli sveitarfélaga.
- Svarhlutfall Íslendinga í könnunni er 96% fæddir á Íslandi og af þeim sem svöruðu voru meirihluti konur eða um 57% en einungis 4 % fæddir erlendis.
- Flestir þátttakendur voru fæddir á árunum milli 1960-1979 og flestir þeirra búsettir á N-Vestfjörðum.
- Um 80% þeirra voru giftir eða í sambúð.


Í hvaða sveitarfélagi býrðu?




Kynjahlutfall svarenda




Kynjahlutfall eftir búsetu




Hvert er fæðingarland þitt?




Hvert er fæðingarland þitt/kynjaskipting




Hvenær ertu fædd/ur, kynjaskipting?



Hvenær ertu fædd/ur búseta?



Hver er hjúskaparstaða þín?





Brottflutningur



Helstu niðurstöður:

- Langflestir telja ólíklegt að flytjast búferlum á næstu tveimur árum.
- Frekar jafnt hlutfall er á milli kynja þegar spurt er búferlaflutninga.
- Ólíklegast er að íbúar Reykhóla og Strandasýslu og einni sunnanverðum Vestfjörðum flytjist búferlum á næstu tveimur árum.
- Konur eru í meirihluta um að telja mjög ólíklegt þegar spurt er um flutning milli sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Finnst þér líklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum frá Vestfjörðum á næstu tveimur árum?



Finnst þér líklegt eða ólíklegt að þú eigir eftir að flytja búferlum til annars sveitarfélags á Vestfjörðum á næstu tveimur árum?



Menntamál

Hér var könnuð margvísleg staða menntunar svæða fjórðungsins. Þá hvaða menntun þátttakendur hafa og einnig möguleikar til menntunar. Einnig hlutfall menntunar á svæðum fjórðungsins.


Hvert er álit þátttakenda á stöðu menntamála í sveitarfélögum fjórðungsins og einnig afstöðu til gæða á því námi sem í boði er.

Því verður að skoða niðurstöður könnunarinnar með hliðsjón af skýrslu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Sóknaráætlun landshluta, Sóknaráætlun Vestfjarða að námsframboð á Vestfjörðum í staðbundnu háskólanámi er frekar takmarkað þar sem enginn háskóli er starfandi á Vestfjörðum. Fjarnám á háskólastigi hefur verið starfrækt frá tíunda áratug síðustu aldar og er nú í umsjón Háskólaaseturs Vestfjarða í samstarfi við háskóla landsins. Víðtækast samstarf á þessu sviði er við Háskólann á Akureyri, t.d. í hjúkrunarnámi. Háskólaasetrið hefur einnig þróað eigið námsframboð, þar er í dag öflugast nám á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun og frekari þróun er á þessu sviði auk framboðs í styttri námskeiðum. Menntaskóli hefur verið starfræktur á Ísafirði frá árinu 1970 og Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur rekið framhaldsdeild á Patreksfirði frá árinu 2008. Einnig var hrundið af stað starfsemi framhaldsdeildar á Hólmavík haustið 2014 í samstarfi við Fjölbrautarskóla Norðurlands Vestra. En Vestfirðingar leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að hægt sé að bjóða upp á menntun í heimabyggð (Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2014).


Helstu niðurstöður:

- Hlutfall barna á framhaldsskólaaldri er hæst á norðanverðum Vestfjörðum.
- Einnig eru flestir frekar ánægðir með möguleika til framhaldsmenntunar á því svæði.
- Íbúar á Ströndum/Reykholum er óánægðari með námsframboð en aðrir íbúar Vestfjarða.
- Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum eru ónægðari með gæði leikskóla en aðrir íbúar Vestfjarða.
- Konur eru mun líklegri til að taka þátt í símenntun eða námskeiðum af einhverju tagi.
- Konur eru frekar ánægðar með námsmöguleika á háskólastigi og þá á suður-og norðursvæði Vestfjarða.
- Hærra hlutfall kvenna hefur lokið háskólamenntun.
- Hærra hlutfall karla hefur lokið starfsnámi.


Fjöldi barna/menntunarstig byggðarlag




Menntunarstig barna heildarfjöldi á Vestfjörðum





Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi á Vestfjörðum





Námsmöguleikar sveitafélög





Námsmöguleikar á Háskólastigi, Vestfirðir (kyn)





Gæði leikskóla





Gæði grunnskóla





Gæði framhaldsskóla





Hvaða námi hefur þú lokið?





Hefur þú öðlast meistararéttindi?



Hvar myndir þú flokka menntun þína miðað við almenna skólakerfið á Íslandi?



Hefur þú sótt eða varið tíma í sí-endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms, o.s.frv.á síðastliðnum tveimur árum?



Atvinnumál



Þær greiningar sem þegar hafa verið gerðar um atvinnulíf á Vestfjörðum hafa frekar miðast við að greina skiptingu atvinnugreina. Í þessari könnun er frekar horft til stöðu íbúa í fjórðungnum og hver er staða þeirra og hvernig vinnuumhverfi er í þeirra sveitarfélagi.

Unnin hefur verið atvinnumálastefna fyrir Ísafjörð sem lauk 2013. Lögð hefur verið fram tillaga að samskonar stefnu sem var unnin fyrir Vesturbyggð og Tálknafjörð og verður framhald þar á.



Helstu niðurstöður:

- Langflestir sem tóku þátt í könnunni eru launþegar eða um 65%.
- Hæsta hlutfall atvinnurekanda er á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Flestir vinnustaðir eru 1-10 manna.
- Flestir á Reykhólum og Ströndum voru frekar ánægðir þegar spurt var um atvinnuöryggi.
- Flestir á sunnanverðum Vestfjörðum eru frekar ánægðir með möguleika til eigin rekstrar.



Hver er staða þín á vinnumarkaði?





Á hvaða bili er starfsmannafjöldi þar sem þú starfar?



Atvinnuöryggi



Möguleikar á eigin rekstri?



Lífsgæði



Hér er umfangsmesti flokkur könnunarinnar. Undir þessum flokki eru settir saman margir þættir, m.a. mannlíf, afþreying, íþróttir, menning, náttúra og friðsæld.

Þó nokkuð margar spurningar voru orðaðar „Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi málaflokka í þínu sveitarfélagi“?



Helstu niðurstöður:

- Jafnt hlutfall er milli sveitarfélaga þegar spurt er hversu gott eða slæmt er að búa á Vestfjörðum.
- Langflestir þátttakenda eru ánægðir með mannlíf á Vestfjörðum.
- Flestir á sunnanverðum Vestfjörðum eru frekar óánægðir með tækifæri til afþreyingar.
- Mjög hátt hlutfall frá sunnanverðum Vestfjörðum eða um 80% eru ánægðir með nálægð við fjölbreytta náttúru.
- Flestir á norðanverðum Vestfjörðum telja almennt öryggi vera mjög gott.
- Rúm 45% á norðanverðum Vestfjörðum eru mjög ánægðir með menningarlíf en rúm 51% frekar ánægðir á sunnanverðum Vestfjörðum.



Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa á Vestfjörðum?





Gott mannlíf





Tækifæri til afþreyingar





Tækifæri til íþróttá





Tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar





Nálægð við fjölbreytta náttúru





Friðsældar



Almennt öryggi





Menningarlíf



Skipulagsmál

Hér var spurt um ánægju með skipulagsmál.





Húsnæðismál



Helstu niðurstöður:

- Konur eru óánægðari með framboð á leiguhúsnæði.
- Þátttakendur af sunnanverðum Vestfjörðum eru óánægðir með framboð á íbúðarhúsnæði og einnig leiguhúsnæði.

Framboð á húsnæði til kaups



Framboð á húsnæði til leigu





Samgöngumál



Helstu niðurstöður:

- Karlar eru óánægðari með vegakerfi Vestfjarða en konur.
- Þátttakendur sunnanverðum Vestfjörðum eru mjög óánægðir með vegakerfið eða rúm 62%.
- Almenn óánægja er með almenningssamgöngur.
- Mest er óánægjan með almenningssamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Ánægja er mest með greiða umferð á norðanverðum Vestfjörðum.



Vegakerfi





Almenningssamgöngur



Greið bílaumferð



Umferðaröryggi





Þjónusta



Helstu niðurstöður:

- Íbúar Strandasýslu og Reykhólahrepps eru ánægðari með þjónustu við aldraða.
- Hátt hlutfall allra sem tóku þátt könnunni svaraði (hvorki né) við eftirfarandi flokka þjónusta við fatlaða, atvinnulausa, barnafólk og fólk af erlendum uppruna.
- Meirihluti þátttakenda Strandasýslu og Reykhólahrepps eru ánægðir með gæði heilsugæslu/sjúkrastofnanna.
- Mikil óánægja er með vöruverð hjá báðum kynjum.
- Mest er óánægjan með vöruverð á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Einnig er óánægjan mest með vöruúrval á sunnanverðum Vestfjörðum.
- Fæstir af þátttakendum á Ströndum og í Reykhólahreppi hafa nýtt sér þjónustu í formi rekstrarráðgjafar síðastliðin tvö ár.



Þjónusta við aldraða





Þjónusta við fatlaða





Þjónusta við atvinnulausa





Þjónusta við fólk af erlendum uppruna





Þjónusta við barnafólk





Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana





Gæði unglिंगastarfs





Vöruverð



Vöruúrval/þjónustuúrval



Hefur þú nýtt þér þjónustu Atvinnuþróunarfélags Vestjarða í formi rekstrarráðgjafar eða annarra ráðgjafar síðastliðin tvö ár?





Fjarskipti



Helstu niðurstöður:

- Þátttakendur á norðanverðum Vestfjörðum eru ánægðari með farsímaþjónustu en önnur svæði
- Þátttakendur á sunnanverðum Vestfjörðum eru ánægðari með netsamband en önnur svæði.

Farsímasamband



Nettenging




Fjárhagur


Helstu niðurstöður:

- Umtalsverður munur er milli kynja í heildartekjum eða allt að 60%.
- Ólíklegt er að bæði kyn muni leitar sér fjárhagslegrar aðstoðar næstu tvö árin.
- Fleiri konur eru síður í vanskilum.
- Vanskil eru almennt lítil í fjórðungnum.
- Konur eru óánægðari með launatekjur.
- Karlar eru óánægðari með framfærslukostnað.
- Mest er óánægjan með framfærslukostnað í Strandasýslu og Reykhólahreppi.


Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði?





Hefur þú leitað þér fjárhagslegrar aðstoðar síðastliðin tvö ár?





Ef nei hefur þú hugsað þér að leita fjárhagslegrar aðstoðar síðastliðin tvö ár?





Ertu í vanskilum?





Launatekjur



Framfærslukostnaður



Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda



Lokaorð

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vill þakka allt það traust sem því hefur verið sýnt við framkvæmd þessarar könnunar. Félagið vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í könnunni og einnig þeim sem með einum eða öðrum hætti lögðu fram vinnu sína við gerð hennar.

Svæðisbundin gögn um atvinnulíf og búsetuskilyrði á Vestfjörðum eru af afar skornum skammti eins og fram kemur í skýrslu Fjórðungssambands Vestfirðinga um Sóknaráætlun Vestfjarða 2013. Var það m.a. niðurstaða skýrsluhöfunda að laga þyrfti þann upplýsingaskort með markvissum greiningum og rannsóknum með það að leiðarljósi að auka velferð Vestfirðinga. Markmiðið væri að leiða til nákvæmari og upplýstari umræðu. Til að hægt sé að vinna markvisst í almannatengslum fjórðungsins þurfa að vera til gögn og greiningar sem styðja málflutning Vestfirðinga um þann byggðavanda sem er viðvarandi á svæðinu. Hér þarf að leggja áherslu á mikilvægi vestfirska hagkerfisins fyrir þjóðarbúið ásamt því að sýna fram á þau lífsgæði sem Vestfirðingar hafa og hvaða kosti svæðið hefur upp á að bjóða fyrir þá sem vilja starfa eða skapa sér tækifæri á Vestfjörðum í framtíðinni (Fjórðungssamband Vestfirðinga. 2013).

Fjölmargir þættir liggja til grundvallar þegar einstaklingar eða fjölskyldur velja sér búsetu, s.s. efnahagslegir- og félagslegir þættir og ekki síst samgöngur innan sem utan búsvæðis. Til þess að ná fram eins góðum niðurstöðum og vöð er á og fá góða yfirsýn á grunngildi búsetu á Vestfjörðum ákváðu framkvæmdaaðilar og gera umfangsmikla könnun sem nær til marga málaflokka ásamt því að taka mið af niðurstöðum úr ofangreindri skýrslu Fjórðungssambands Vestfjarða. Því er verkefni sem þetta metnaðarfull áskorun og vonandi um leið gagnlegt framlag til áframhaldandi verkefna. Ljóst er að könnun sem þessi er umfangsmikil þegar m.a. er horft til umfangs eða fjölda málaflokka sem kannaðir eru. Ætlun framkvæmdaraðila með við val á málaflokkum til könnunar var leitast við að ná fram eins greinargóðum niðurstöðum og vöð er á, auk þess að fá yfirsýn á grunngildum búsetu á Vestfjörðum. Ásamt því að taka mið af niðurstöðum úr ofangreindri skýrslu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Því ættu niðurstöður könnunarinnar að gefa góða grunnmynd af viðhorfum íbúa fjórðungsins og einnig að leggja grunn að áframhaldandi rannsóknum innan fjórðungsins. Er það trú þeirra sem framkvæmdu þessa könnun að þörf sé á eftirfylgni svo mögulegt sé að hafa samanburð við komandi ár. Íbúakönnun sem þessi gefur stoðgreinum fjórðungsins auk atvinnulífi og samfélagi ákveðna innsýn í viðhorf þeirra sem þar hafa fasta búsetu.